

Fjarskiptasjóður

10 521

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Starfsþáttayfirlit	6
Skýringar	7

Fjarskiptasjóður

Fjárlagaliðurinn er í umsjón

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis

kt. 580417-0780

Sölvhólfsgötu 7, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjarskiptasjóður er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga nr. 2005/132. Fjárlagaliðurinn er í umsjá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 11 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Vegna rangrar tegundaflokkunar voru 150,0 milljónir færðar á fjárfestingaframlög í tengslum við fjárfestingaátak ríkisstjórnarinnar. Þessi fjárveiting hefði hins vegar átt að færast sem fjármagnstilfærslur þar sem fjarskiptasjóður eignfærir engin framlög. Samkvæmt fjármálaráðuneytinu stendur til að leiðrétta þessa tegundaskiptingu við yfirfærslu árslokastaða yfir á árið 2022. Að teknu tilliti til þessa er eigið fé sjóðsins jákvætt um 33,8 m.kr. í árslok 2021 sem samsvarar afkomu ársins að frádrögnum höfuðstól vegna fyrri ára.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 571,1 milljónir og afkoma kr. 49,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -116,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 434,0 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fjarskiptasjóðs í samræmi við lög um opinber fjármál.

Stjórn og forstöðumaður staðfesta hér með ársreikning Fjarskiptasjóðs fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni. Ársreikningurinn er undirritaður með fyrirvara um þann viðbótartexta sem settur er fram með skýringu nr. 7 um eigið fé. Staðfesting forstöðumanns nær ekki til umrædds texta.

Ragnhildur Hjaltadóttir,
ráðuneytisstjóri

Stjórn:

Páll Jóhann Pálsson,
formaður

Haraldur Benediktsson,
varaformaður

Margrét Gauja Magnúsdóttir,
meðstjórnandi

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	571.100.000	930.700.000
Tekjur samtals		<u>571.100.000</u>	<u>930.700.000</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	2.479.680	2.368.320
Framlög og tilfærslur	4	491.016.950	1.116.528.463
Annar rekstrarkostnaður	5	28.443.120	25.645.212
Gjöld samtals		<u>521.939.750</u>	<u>1.144.541.995</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		49.160.250	(213.841.995)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(845)	0
		<u>(845)</u>	<u>0</u>
Afkoma ársins		<u>49.159.405</u>	<u>(213.841.995)</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(30.923.645)	(27.462.753)
Fjármagnstilfærslur		80.083.050	(186.379.242)
		<u>49.159.405</u>	<u>(213.841.995)</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	6	433.972.219	591.615.033
Veltufjármunir samtals		<u>433.972.219</u>	<u>591.615.033</u>
Eignir samtals		<u>433.972.219</u>	<u>591.615.033</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	7	(116.248.446)	(162.053.339)
Eigið fé samtals		<u>(116.248.446)</u>	<u>(162.053.339)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	6	0	4.000.000
Viðskiptaskuldir		4.900	94.593.127
Ýmsar skammtímaskuldir		400.215.765	505.075.245
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	8	150.000.000	150.000.000
Skuldir samtals		<u>550.220.665</u>	<u>753.668.372</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>433.972.219</u>	<u>591.615.033</u>
Aðrar upplýsingar	9		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		49.159.405	(213.841.995)
		<u>49.159.405</u>	<u>(213.841.995)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		0	286.008
Tengdir aðilar		150.288.302	358.084.542
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(199.447.707)	(144.528.555)
		<u>(49.159.405)</u>	<u>213.841.995</u>
	Handbært fé frá rekstri	<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
	Handbært fé í árslok	<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnstaðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	571.100.000	930.700.000
	571.100.000	930.700.000

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	0	0	571.100.000	571.100.000
Fjárveiting til tekna	0	0	571.100.000	571.100.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(30.923.645)	0	(491.016.950)	(521.940.595)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(30.923.645)	0	80.083.050	49.159.405

	2021	2020
3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	2.142.036	2.041.020
Launatengd gjöld	337.644	327.300
	2.479.680	2.368.320

5 Annar rekstrarkostnaður

Sérfræðipjónusta	2.496.841	2.038.760
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	4.900	0
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	0	49.600
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	2.501.741	2.088.360
Afnotagjöld	6.643	0
Verkkaup	2.727.600	1.224.000
Kostnaðarhlutdeild	23.207.136	22.332.852
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	25.941.379	23.556.852
Annar rekstrarkostnaður samtals	28.443.120	25.645.212
	31.12.2021	31.12.2020

6 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	433.972.219	591.615.033
	433.972.219	591.615.033

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	0	4.000.000
	0	4.000.000

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

7 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(162.053.339)	51.788.656
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(3.354.512)	0
Afkoma ársins	49.159.405	(213.841.995)
Jöfnuður 31.12.	<u>(116.248.446)</u>	<u>(162.053.339)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

8 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2021 31.12.2020

Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	150.000.000	150.000.000
	<u>150.000.000</u>	<u>150.000.000</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	0	150.000.000	150.000.000
	<u>0</u>	<u>150.000.000</u>	<u>150.000.000</u>

9 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Lög um fjarskiptasjóð falla úr gildi í árslok 2022. Engum framlögum var veitt til sjóðsins í fjárlögum ársins 2022.

Veittar ábyrgðir

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.